LANDSSAMBAND
smábátaeigenda

Matvælaráðuneytið

Skúli Kristinn Skúlason
sérfræðingur á sjávarútvegsskrifstofu

5. apríl 2023

Efni: Tillaga um fjölda veiðidaga á grásleppuvertíðinni 2023

Landssamband smábátaeigenda (LS) hefur fjallað um hvort ástæða sé til að breyta leyfilegum dagafjölda frá því sem fram kemur í reglugerð um hrognkelsaveiðar árið 2023, 25 samfelldir dagar.

Niðurstaða grásleppunefndar LS er að leggja til að nú þegar verði veiðidögum fjölgað um fimm, leyfi á vertíðinni 2023 gildi í 30 daga.

Það er skoðun nefndarinnar að óvenjukaldur sjór og hátt hlutfall þorsks í aflanum geti verið mikill orsakavaldur fyrir slakri veiði.

Meðfylgjandi tafla sýnir stöðu veiðanna að loknum 16 dögum á yfirstandandi vertíð borið saman við sama tíma á vertíðinni 2022.

	2023	2022
Afli	209 Tonn	420 Tonn
Landað	44 Bátar	59 Bátar
Fjöldi landana	213 Landanir	258 Landanir
Landanir	4,6 pr. bát	4,4 pr. bát
Afli pr. löndun	0,98 Tonn	1,63 Tonn
Leyfisdagar	529 Dagar	517 Dagar
Afli pr. leyfisdag	395 Kg	811 Kg
Milli umvitjana	2,48 Dagar	2,00 Dagar
Mestur afli á bát	18,9 Tonn	30,5 Tonn
Meðaltal á bát	4,5 Tonn	7,1 Tonn
Þorskafli	145 Tonn	138 Tonn

Eins og sjá má hefur veiði gengið illa. Afli í róðri hefur fallið um 40% milli ára. Þá hefur veður hamlað sjósókn eins og sjá má á að nú eru 2,48 dagar á milli vitjana, en í fyrra var hlutfallið 2,0. Þá er jafnframt eftirtektarvert hversu fáir bátar hafa virkjað sín leyfi, 46 á móti 59 á vertíðinni 2022, en það kann að stafa af lágum verðum sem magnkaupendur bjóða og lélegri veiði.

Þróun aflabragða nú eru nokkuð í takt við niðurstöður mælinga úr vorralli Hafrannsóknastofnunar og útreikninga á lífmassavísitölu. Hún heldur áfram að lækka og nálgast sögulegt lágmark. Mælist nú aðeins rúmur þriðjungur þess sem hún var úr sambærilegri rannsókn árið 2021. Engar skýringar eru á svo miklu falli á þremur árum, en það er þó ekki óþekkt, þar sem á tímabilinu 1989-1991 var ferillin nánast sá sami. Þó vísitalan hafi hækkað á árinu 1992, var hún afar lág næstu tíu árin.

Grafið sýnir árlega lífmassavísitölu grásleppu úr stofnmælingum Hafrannsóknastofnunar í mars.



Á þeim áratug sem grafið spannar er vísitala nú í sögulegu lágmarki.

Að teknu tilliti til þessara niðurstaðna þykir grásleppunefnd LS ástæða til að fara varlega við ákvörðun um heildarfjölda veiðidaga.

Við ákvörðun um dagafjölda á vertíðinni styðst grásleppunefnd við samþykktir aðalfunda LS 2021 og 2022.

- Að við ákvörðun heildarafla grásleppu sé tekið mið af markaðsaðstæðum á hverjum tíma en ekki eingöngu sveiflukenndu og vafasömu stofnstærðarmati Hafró.
- Að öllum sem stunda grásleppuveiðar verið tryggðir jafn margir veiðidagar.

Grásleppunefnd LS vill ítreka áðurframkomnar áhyggjur vegna viðstöðulausra flottrollsveiða á loðnu frá 1. desember 2021 til 15. febrúar 2022. Veiðarnar gætu hafa verið orsakavaldur fyrir því hversu vísitalan mælist nú lág.

Virðingarfyllst

Grásleppunefnd LS:
Hafþór Jónsson Patreksfirði
Kári Borgar Ásgrímsson Borgarfirði Eystra — Örn Pálsson
Ríkharð Lúðvíksson Ólafsfirði — Arthur Bogason